



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 6. nóvember 2018
1711002 SB

Efni: Tillaga að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks

Á fundi stjórnar SSH hinn 5. nóvember var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Reynir Kristinsson ráðgjafi frá NOR ehf. sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

RK fór yfir niðurstöður úr greiningu NOR ehf. og tillögur um fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna um rekstur ferðaþjónustunnar og leiðir til hagræðingar í rekstri.

Í meginatriðum fela tillögur NOR ehf. eftirfarandi í sér:

- a) Sveitarfélögin reki áfram sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.*
- b) Allur akstur vegna ferðaþjónustunnar verði áfram boðinn út, en með breyttu fyrirkomulagi í ljósi fyrirliggjandi reynslu.*
- c) Kostnaðarskipting sveitarfélaganna taki framvegis mið af fjölda ekinna ferða og tengist breyttu fyrirkomulagi greiðslu til verktaka sbr. b) lið*
- d) Strætó bs. verði áfram falið að annast daglegan rekstur ferðaþjónustunnar, en gerðar verði nauðsynlegar breytingar á samstarfssamningi sveitarfélaganna, þjónustulýsingu og sameiginlegum reglum ferðaþjónustunnar, sem og breyting á daglegri stjórn verkefnisins.*

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn SSH telur að með ofangreindum tillögum séu komnar forsendur fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaganna um framhald máls og samþykkir að tillögur NOR ehf. verði sendar aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu. Vakinn er athygli á tímaáætlun vegna nauðsynlegs undirbúnings og útboðs gerir ráð fyrir að afstaða sveitarfélaganna liggi fyrir eigi síðar en um nk. áramót.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreindri samþykkt stjórnar SSH er hér með komið á framfæri og óskað eftir umfjöllun og efnislegri afgreiðslu bæjarráðs /bæjarstjórnar eins fljótt og auðið er.

Ef þörf er á frekari upplýsingum um málið er Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. reiðubúinn að mæta á fund hjá ykkur til að upplýsa um það sem þörf er á til að tryggja góða og efnislega umfjöllun og afgreiðslu máls.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) „Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk – Niðurstöður greiningar og tillögur um fyrirkomulag sameiginlegrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu“
- b) Ferðapjónusta – kynning 6. nóvember 2018